



2. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

19. maí 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Hákon Leifsson (HL), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB)

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Brunakerfi í félagsheimili Fáks

Núverandi kerfi í félagsheimilinu er úr sér gengið og hefur framkvæmdastjóri fengið tilboð hjá þjónustuaðila í uppfærslu á kerfinu. Tilboð og verklýsing er kynnt stjórn.

Stjórn samþykkir samhljóða tilboðið.

2. Bréf til stýrihóps um forgangsörðun íþróttamannvirkja

HS fór yfir drög af bréfi til starfshóps um forgangsörðun íþróttamannvirkja. Fákur hefur nú fengið tölvupóst frá starfshópnum þar sem óskað er eftir lýsingu á mannvirkjum sem eru þegar til staðar, mannvirkjaþörf ef einhver er og framtíðarsýn félagsins. Við bréfið bætist því einnig lýsing á keppnisvöllum og annarri aðstöðu á svæðinu, auk reiðvegakerfis. Stefnt er að því að þetta bréf verði tilbúið í lok maí mánaðar en það þarf að fara frá félaginu í síðasta lagi 14. júní.

3. Almennadalur – vettvangsferð fulltrúa stjórnar og samskipti við Reykjavíkurborg

HS sagði frá vettvangsferð sem hún fór ásamt ÞSS og EG upp í Almennadal til að kanna ástand húsa og ósamþykktu búsetu í hverfinu. Niðurstaða ferðarinnar var að ástandið þarna upp frá er skelfilegt og það er óviðráðanlegt fyrir Fák að ná tökum á þessu svæði án aðkomu og aðstoðar frá Reykjavíkurborg. HS hafði í framhaldinu samskipti við skrifstofu borgarstjóra, byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa þar sem ástandinu var lýst og að aðgerða af hálfu borgarinnar væri þörf. Niðurstaðan úr þessu samtali er að sem fyrsta skref aðgerða ætlar byggingarfulltrúi í eftirlit á svæðinu. Byggingarfulltrúi mun finna tíma og vera í sambandi við félagið um aðgerðir. Reykjavíkurborg er upplýst um ástandið og er sammála Fáki um að grípa verði til aðgerða á svæðinu áður en frekari uppbygging getur átt sér stað.

4. Reiðleið í gegnum Korpúlfsstaða golfvöll

Í Hlégarðsreiðinni komst HS að raun um það af eigin reynslu að reiðleið í gegnum golfvöllinn á Korpúlfsstöðum hefur verið malbikuð. HS kannaði málið í framhaldinu og kom í ljós að stjórn Fáks hafði heimilað malbikun reiðleiðarinnar að hluta með ákveðnum skilyrðum í febrúar 2024, en samt þannig að reiðleiðin héldist opin. Hins vegar hefur GR malbikað reiðleiðina að fullu og í engu skeytt um þau skilyrði sem Fákur setti fyrir framkvæmdinni. HS hefur kannað málið og ekki er að sjá af lestri fundargerða skipulagsfulltrúa Reykjavíkur að GR hafi leitað framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdinni. Hefur HS verið í samskiptum við stjórnendur GR en þeir hafa litlu svarað. Það er ljóst af þessum

samskiptum að það er mikill ásetningur hjá GR að fara ekki eftir stjórnarsamþykkt Fáks og malbika reiðleiðina.

Reiðveganefnd Harðar hefur verið í samskiptum við GR vegna málsins og gert skýrslu um ástand reiðleiðarinnar sem HS sýnir fundarmönnum. Fulltrúar Harðar hafa komist að málamiðlun við GR, sem HS kynnir á fundinum. HS hefur lagt til fund með GR en fulltrúar GR hafa ekki ennþá þegið boð um fund. Reiðleiðin hefur ekki verið mikið farin síðustu ár vegna þess hve hættuleg hún er við Vesturlandsveg. Hún er hins vegar mikilvæg samgönguleið milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og mikilvægt að stjórn Fáks standi vörð um hana.

HS segir þetta mikið ásetningsbrot hjá GR og leggur til við stjórn Fáks að málinu verði vísað til skipulagsfulltrúa Reykjavíkur með ósk um að skipulagsfulltrúi beiti sér fyrir því að malbikið verði fræst í burtu og reiðleiðin endurheimt. Um er að ræða gamlan þjóðveg sem liggur með Korpu í gegnum land Korpúlfsstaða að Keldum og því er hér um gamla þjóðleið að ræða. HS leggur fram drög að bréfi til skipulagsfulltrúa með tillögu um að það verði sent honum með tölvupósti.

Stjórn Fáks samþykkir að senda bréf til skipulagsfulltrúa vegna þessa máls.

5. Fundur um breikkun Suðurlandsvegar.

HS upplýsir að hún, ásamt Dagnýju Bjarnadóttur og EG hafi setið fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar, Vegagerð og hönnuði frá Cowi. Á dagskrá var fyrst og fremst umræða um hönnun á undirgöngum og reiðleiðum við Rauðavatn. Athugasemdir voru gerðar sem hönnunaraðilar tóku til athugunar. Einnig var rætt um undirgöng við Almannadal en Fákur gerir athugasemdir við hönnun þeirra ganga en sú hönnun sem hefur verið kynnt gengur ekki upp fyrir hestamenn. Sú framkvæmd er að fara í hönnunarferli og því er nægt rými ennþá til að gera athugasemdir við þá hönnun. Hönnun reiðleiða vegna breikkun Breiðholtsbrautar var lítillega rædd en verður ekki á dagskrá fyrr en eftir breikkun Suðurlandsvegar.

6. Vinnustofa með Áslaugu

HS hefur fundað með Áslaugu sem undirbúning undir vinnustofuna. Hugmyndin með vinnustofunni er að létta andann í félaginu og fá hugmyndir frá félagsmönnum um félagsstarfið. Það er mikilvægt að stjórnarmenn taki þátt í vinnustofunni ef þau geta.

7. Sala á bifreið

Fyrir um mánuði síðan fannst bifreið sem stolið var að félaginu síðastliðið haust. Bíllinn er gangfær en laga þarf eitt og annað eins og brotna rúðu, hliðarhurð, fara yfir bremsur, kaupa dekk og færa bílinn til skoðunnar. Borist hefur tilboð í bílinn sem er kynnt fyrir stjórn.

Stjórn samþykkir samhljóða að taka tilboðinu sem barst í bílinn.

8. Óleyfis girðingar í Faxabóli

Farið er yfir óleyfisgirðingar á svæðum sem Fákur hefur umráðarétt yfir en það er Faxaból, lóð við Brekknaás 9 og lóð í kringum Hvammsvöll.

Stjórn samþykkir eftirfarandi:

-
- Fyrir aftan Faxaból
 - Engin beit verður leyfð á bak við Faxabólið.
 - Inni í Faxabóli
 - Engin beit leyfð.
 - Í brekku við Vatnsveituveg
 - Engin beit leyfð.
 - Á lóð við Brekknaás 9
 - Engin beit leyfð
 - Fyrir aftan fánastangirnar á Hvammsvelli
 - Skipuleggja viðrunarhólf
 - Á tjaldsvæði
 - Skipuleggja viðrunarhólf

Gróður er kominn vel af stað og heimilar stjórn beit frá 25. maí næstkomandi.

Með öllu er óheimilt að girða á athafnasvæði Fáks utan þeirra beitarhólfa sem hefur verið úthlutað. Allar aðrar girðingar á svæðinu eru óheimilar og eru eigendur þeirra vinsamlegast beðnir um að taka þær niður fyrir föstudaginn 23. maí n.k. Eftir það mun framkvæmdastjóri eða starfsmaður á vegum félagsins fara um svæðið og taka niður allar girðingar sem hafa verið upp settar og ekki tilheyra úthlutuðum beitarhólfum. EG er falið að auglýsa þetta á heimasíðu félagsins.

9. Dagur reiðmennskunnar og Stórsýning Fáks 2026

Eftir síðustu sýningu ræddi hópurinn sem kom að skipulagi hennar að skoða að færa sýninguna fram um eina eða tvær vikur. Eftir því sem líður að vori fjölgar reiðhallarsýningum og öðrum viðburðum sem okkar sýning er í samkeppni við. EG hefur sett sig í samband við formann Meistaradeildarinnar og óskað eftir upplýsingum um hvaða dagsetningar þeir eru að vinna með og verður það kynnt fyrir stjórn á næsta fundi.

10. Önnur mál

a. Erindi frá Hrefnu Maríu varðandi leikvöll á Fákssvæðinu

Stjórn fór yfir erindið og mun skoða hvaða kostir eru í stöðunni á svæðinu.

b. Erindi frá Elísabetu Reinhards varðandi gróðursetningu á svæðinu.

Stjórn felur formanni að vera í sambandi við Elísabetu varðandi staðsetningu gróðurs.

Fundi slitið 18:45

Fundargerð ritaði Einar Gíslason